

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 1218/2008, um greiðslur úr  
Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks, með síðari breytingum.

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglugerðarinnar:

a. Í stað "370.000 kr." í 5. mgr. kemur: 500.000 kr.

b. Eftirfarandi breytingar verða á 6. mgr.:

1. Í stað "110.490 kr." kemur: 118.335 kr.

2. Í stað "153.131 kr." kemur: 164.003 kr.

### 2. gr.

Í stað "66.819 kr." í 2. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar kemur: 71.563 kr.

### 3. gr.

Í stað "153.131 kr." í 2. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar kemur: 164.003 kr.

### 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 8. mgr. 13. gr., 5. mgr. 18. gr., 5. mgr. 19. gr. og 35. gr. laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, öðlast gildi 15. október 2016 og á við um foreldra barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt föstur 15. október 2016 eða síðar.

*Velferðarráðuneytinu, 7. október 2016.*

**Eygló Harðardóttir**

félags- og húsnæðismálaráðherra.

*Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.*

#### Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.